



Hörgársveit

Fréttabréf

23. ágúst 2013 4. árgangur 17. tölublað

Fjallskil 2013

Fjallskilanevnd Hörgársveitar hefur ákveðið að fyrstu göngur í Hörgársveit verði frá miðvikudeginum 11. september til sunnudagsins 15. september nema í Barkárdal. Þar verða göngur sunnudaginn 22. september. Aðrar göngur eru víðast hvar viku eftir fyrstu göngur.



Skjólbeltarækt

Norðurlandsskógar auglýsa eftir umsóknum vegna framlaga til skjólbeltaræktar í Eyjafirði. Framlög eru aðeins veitt á lögbýlum og eru bundin því að ræktunin hafi þann tilgang að skýla ræktun eða búfé. Æskilegt er að stærrí svæði verði skipulögð undir skjólbeltaræktun. Haldin verða námskeið í haust fyrir þá sem hljóta framlög á næsta ári. Takmarkað fjármagn er til skjólbeltaræktar og því ekki víst að hægt verði að verða við öllum umsóknum að sinni. Umsóknir skulu berast fyrir 1. september í síma 461-5640 eða netfangið nls@nls.is

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Hörgársveit

Údráttur úr fundargerð 37. fundar sveitarstjórnar Hörgársveitar

Miðvikud. 21. ágúst. 2013 Fundarmenn: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.
Fundarritari: Hjalti Jóhannesson.

1. **Samþykkt um stjórn Hörgársveitar** frá Innanríkisráðuneytinu lögð fram til kynningar.
2. **Reglur um opna nefndarfundir** Lagður fram tölvupóstur frá Sif Konráðsdóttur þar sem hún bendir á að sveitarfélagið þurfi að setja reglur um opna nefndarfundir. Einnig lögð fram drög að reglum um opna nefndarfundir sem starfandi sveitarstjóri vann. Sveitarstjórn samþykkti fyrirbyggjandi drög. Þau má sjá á www.horgarsveit.is
3. **Samþykkt um búfjárhald í Hörgársveit.** Samþykkt tillaga frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um smávægilegar breytingar á samþykktinni. Hefur verið kynnt fyrir formanni fjallskilanevndar.
4. **Rekstraryfirlit sveitarsjóðs** fyrstu tvo ársfjórðunga 2013 lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerðir fjallskilanevndar.** Í Hörgársveit verða fyrstu göngur frá miðvikud. 11. til sunnud. 15. september, nema í Barkárdal. Þar verða göngur sunnud. 22. september. Aðrar göngur eru víðast hvar um viku eftir fyrstu göngur. Fjallskilanevnd skorar á sveitarstjórn að styrkja björgunarsveitina Súlu um 100 þúsund kr. í þakklætisskyni fyrir veitta aðstoð við göngur haustið 2012. Sveitarstjórn samþykkti að veita björgunarsveitinni Súlu 100 þúsund kr. styrk.
6. **Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæðis, gjaldskrá** vegna byggingareftirlits og fundargerð aðalfundar lögð fram. Breytt gjaldskrá byggingareftirlits samþykkt.
7. **Fundargerð bygginganevndar Eyjafjarðarsvæðis** 18. júní 2013 lögð fram til kynningar.
8. **Ráðning sameiginlegs skipulagsfulltrúa.** Samþykkt að taka þátt í umræðum um ráðningu sameiginlegs skipulagsfulltrúa fyrir Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahrepp.
9. **Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra** fundargerð 153 lögð fram til kynningar.
10. **Eyþing, heimild fyrir yfirdráttarláni** vegna almenningsamgangna. Eyþing óskar eftir heimild aðildarsveitarfélaga fyrir töku 10 mkr. yfirdráttarlans vegna rekstrarfíðleika almenningsamgangna. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins þar til svör frá innanríkisráðuneytinu liggja fyrir.
11. **Eyþing, fundargerðir 242 og 243** lagðar fram til kynningar.
12. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** leggur til að úthlutun til Hörgársveitar á árinu 2013 verði kr. 18.445.570 til jöfnunar á tekjutapi vegna breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts. Lagt fram til kynningar.
13. **Íþróttamiðstöð og Þelamerkurskóli, eldvarnaeftirlit.** Úrbætur á íþróttamiðstöð hafa þegar farið fram. Samþykkt að vísa úrbótum á húsnæði Þelamerkurskóla til starfshóps um húsnæðismál skólans.

15. **Skólaakstur veturinn 2013-14.** Lagt fram bréf frá Tryggva Sveinbjörnssyni f.h. FAB-travel þar sem hann óskar eftir skýringum sveitarstjórnar á úrvinnslu útboðs á skólaakstri veturinn 2013-2014 og svarbréf Ólafs Rúnars Ólafssonar f.h. Hörgársveitar þar sem ákvörðun sveitarstjórnar er rökstudd. Sveitarstjóri hefur gengið frá samningi við Hópfærðabíla Akureyrar sem áttu næstlægsta tilboð á leið 2. Sveitarstjórn telur að bréfitrita hafi verið svarað með fullnægjandi hætti og staðfestir samning við Hópfærðabíla Akureyrar á leið 2.

16. **Úthlutun úr Námsgagnasjóði.** Pelamerkurskóla voru veittar kr. 79.112 kr.

17. **Sláturhús B. Jensen, viðbygging og færsla Lónsins.** Fundað var með formanni skipulagsnefndar og skipulagsstjóra Akureyrarbæjar og Sigurði Guðmundssyni. Fulltrúar Akureyrarbæjar sjá ýmis tormerki á að unnt sé að færa Lónið. Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

18. **Skútar, álit Skipulagsstofnunar** vegna mats á umhverfisáhrifum efnistöku. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði talsvert neikvæð og varanleg. Starfsemin geti valdið ónáði fyrir nálæga bæi og frístundabyggð en hávaði verði þó langt undir viðmiðum reglugerðar. Áhrif á fugla verði óveruleg en áhrif á jarðmyndanir og gróður nokkuð neikvæð. Áhrif á menningarminjar skv. kosti I verða óveruleg en samkvæmt kosti II nokkuð neikvæð. Við leyfisveitingar skal tryggja að frágangur efnistökusvæða verði tryggður og að námavinnslan mengi ekki læki í nágrenni framkæmdavæðisins. Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisnefnd í ljósi þeirra athugasemda sem bárust.

19. **Skútar, umsögn Umhverfisstofnunar** um umhverfisskýrslu og tillögu að deiliskipulagi. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að leitast verði við að gera mannvirkin eins lítið áberandi og kostur er. Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisnefnd í ljósi þeirra athugasemda sem bárust.

20. **Björg, álit Skipulagsstofnunar** um mat á umhverfisáhrifum. Lagt fram álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum námuvinnslu í landi Bjarga dags. 2. ágúst 2013. Sveitarstjórn telur að forsendur liggi fyrir til útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir námuvinnslu í landi Bjarga.

21. **Dysnes, umsagnir um skipulagslýsingu.** Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur m.a. fram auglýsa þurfi deiliskipulag hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis við Dysnes samhliða nýju aðalskipulagi Hörgársveitar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsinguna í sinni umsögn. Samþykkt að vísa erindinu til meðferðar í vinnslu aðalskipulags fyrir Hörgársveit 2012-2024.

22. **Breyting á skipulagslögum,** umsagnarbeiðni. Auðlinda- og umhverfisráðuneytið óskar eftir umsögn um drög að breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 um bótaákvæði laganna o.fl. Sveitarstjóra falið að vinna að umsögn í samráði við skipulags- og umhverfisnefnd.

23. **Hraun í Öxnadal ehf.** Lögð fram til kynningar bréf frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál dags. 18. júní 2013 vegna kæru Sifjar Konráðsdóttur vegna synjunar á beiðni dags. 3. maí á gögnum um málefni Hrauns í Öxnadal ehf og svarbréf Ólafs Rúnars Ólafssonar til úrskurðarnefndarinnar f.h. Hörgársveitar dags. 28. júní.

24. **Svæðisskipulag Eyjafjarðar, skipulagstillaga** auglýst 26. júní. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

25. **Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018,** kynning á breytingu, akstursíþrótt- og skotsvæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

26. **Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018,** tilkynning um breytingu syðst í Naustahverfi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

27. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga,** upplýsingar um breytta framsetningu upplýsinga á heimasíðu o.fl. lagðar fram til kynningar.

28. **Samgöngustofa, upplýsingar um stofnunina** lagðar fram til kynningar

29. **Pelamerkurskóli, upplýsingaskilti frá Norðurorku** á lóðinni. Samþykkt að heimila uppsetningu tveggja skilta við bílastæðið í samráði við skólastjórnendur.

30. **Snjómokstur veturinn 2013-2014.** Samþykkt að fyrirkomulag snjómoksturs verði með svipuðum hætti og síðastliðinn vetur.

31. **Hafnasamlag Norðurlands,** fundargerð 183 lögð fram til kynningar.

32. **Laugæyri í Hörgárdal, drög að skýrslu ÍSOR** um jarðhitaleit á Laugæyri lögð fram til kynningar.

Kveðjur og þakkir

Þar sem ég læt af störfum fyrir sveitarfélagið nú um mánaðamótin langar mig að nota þetta tækifæri og þakka starfsfólki og íbúum Hörgársveitar fyrir ánægjuleg kynni.

Skúli Gautason



Fyrirmyndir

Bjarni E. Guðleifsson á Möðruvöllum hefur skrifað sjálfsævisögu sína. Þetta er stutt sjálfsævisaga sem heitir Fyrirmyndir þar sem hann skrifar meira um fólk sem hefur haft áhrif á hann í gegnum lífið heldur en sjálfan sig. Bókin fæst hjá höfundi og í Eymundsson og kostar 1.500 kr.